

# Aðalfundur UMF Tindastóls

13. mars 2013

## Haldinn í Húsi Frítímans vegna ársins 2012

### Dagskrá:

#### 1. Fundarsetning

Gunnar Þór Gestsson setti fundinn

#### 2. Kosning fundarstjóra

Gunnar Þór Gestsson lagði til að Magnús Helgason yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða. Fundarstjóri tók til starfa og fór yfir dagskrá fundarins.

#### 3. Kosning fundarritara

Fundarstjóri bar upp tillögu um Ingibjörgu Huld Þórðardóttur sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða, og tók hún við pennanum.

#### 4. Skýrsla formanns

Gunnar Þór Gestsson formaður UMFT las skýrslu aðalstjórnar. Skýrsla aðalstjórnar má finna í heild sinni í ársskýrslu félagsins inn á heimasíðu Tindastóls. [www.tindastoll.is](http://www.tindastoll.is)

Gunnar benti á nýbreytni á bls. 7 í ársskýrslunni, þar sem farið er yfir gildandi skuldbindingar, um hlutfallaskipting tekna.

Formaður þakkaði Sparisjóði Skagafjarðar fyrir rausnarlega styrki og fyrir veitingar á aðalfundi.

KS fékk sérstakar þakkir fyrir þann styrk sem veittur var í formi „rútu“. Styrkur sem mun koma sér mjög vel fyrir félagið.

#### 5. Skýrsla gjaldkera

Bertína Guðrún Rodriguez, gjaldkeri félagsins fór yfir ársreikninga aðalstjórnar fyrir árið 2012.

Fundarstjóri óskaði eftir umræðum og spurningum fundarmanna vegna reikninganna. Fundarstjóri bar reikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

#### 6. Félagsgjöld UMFT

Formaður lagði til að félagsgjöld yrðu óbreytt þ.e. kr. 2500.- fyrir fullorðna en engin félagsgjöld fyrir yngri en átján ára og var það samþykkt samhljóða.

#### 7. Afhending starfsbikars

Formaður UMF Tindastóls afhenti Kára Maríussyni starfsbikarinn sem Ómar Bragi Stefánsson gaf félaginu á 100 ára afmæli félagsins. Kári hefur nú hætt störfum sem þjálfari fyrir Körfuknattleiksdeild félagsins eftir margra ára starf. Kári hefur unnið mikið og metnaðarfullt starf fyrir félagið og þrátt fyrir að hafa hætt þjálfun þá snýst hann ennþá í kring um körfuknattleiksdeildina, æfingar, viðburði og leiki.

Kára var afhent gullmerki félagsins á eitthundrað ára afmælinu þann 27. okt. 2007 og hafði áður árið 2005 verið veitt gullmerki Körfuknattleikssambands Íslands. Að hætta störfum fyrir félagið og gefa tíma sinn áfram í starfið er mikils vert og við viljum viðurkenna þetta með því að afhenda Kára Maríussyni starfsbikarinn til varðveislu næsta árið.

Kári tók við bikarnum og þakkaði vel fyrir sig.

## **8. Minningarsjóður um Rúnar Inga Björnssonar**

Formaður fór yfir tilurð sjóðsins og reglur um úthlutanir.

Rúnar Ingi Björnsson var efnilegur íþróttamaður hjá UMF Tindastóli. Hann lést ungur að aldri. Foreldrar hans stofnuðu minningarsjóð í hans nafni sem hefur styrkt afreksfólk og afrekshópa, bæði til ferðalaga og keppni.

Stjórn sjóðsins samanstendur af formanni UMFT, skólastjóra Árskóla og sóknarpresti Sauðárkrókskirkju. Umsóknir umstyrk úr minningarsjóðinum þurfa að berast formanni UMFT fyrir aðalfund. Fyrir aðalfund á hverju ári hittist stjórnin og fer yfir umsóknir. Þær sem eru samþykktar koma til úthlutunar á aðalfundi félagsins.

Þetta árið var úthlutað þremur styrkjum úr sjóðnum. Formaður afhenti styrkina.

1. Knattspyrnudeild, vegna þriðja flokks kvenna, fékk styrk vegna keppnisferðar í sumar. Formaður afhenti, Bertínu móður stúlku í liðinu, styrk upp í ferð þeirra í sumar.
2. Frjálsíþróttadeild, vegna Jóhanns Björns Sigurbjörnssonar, fær styrk að upphæð 50.000.- vegna þátttöku í landsliðsverkefnum í nafni UMF Tindastóls. Jóhann var á fundinum og tók við styrknum frá formanni.
3. Körfuknattleiks- og knattspyrnudeild, vegna Péturs Birgissonar, fær styrk að upphæð kr. 50.000 vegna þátttöku í landsliðsverkefnum í nafni félagsins. Pétur var ekki á staðnum og tók móðir hans við styrknum.

## **9. Kosning formanns**

Tillaga að Gunnari Þór Gestsyni núverandi formanni, tillagan var samþykkt samhljóða.

## **10. Kosning stjórnar**

Tillaga að Magnúsi Helgasyni, Jóni Daníel Jónsson, Bertínu Rodriguez og Ingibjörgu Huld Þórðardóttur. Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **11. Kosning varamanna**

Tillaga að Kristjönu Jónsdóttur, Guðjóni Jóhannssyni og Marteini Jónssyni. Ekki komu fram aðrar tillögur og tillagan samþykkt samhljóða.

## **12. Kosning skoðunarmanna**

Tillaga að Gunnari Sveinssyni og Hirti Geirmundssyni. Ekki komu fram aðrar tillögur og tillagan samþykkt samhljóða,

### 13. Önnur mál

Formaður ræddi um Unglingalandsmótið 2014 og fór yfir það hverju það skilar til allra íþróttagreina. Hann lagði áherslu á að vel þarf að standa að móti sem þessu og hvatti alla til að starfa við mótið. Þar sem marga þarf til að vinna að undirbúningi móts og við sjálft mótið.

Formaður ræddi einnig um UMSS og óskaði eftir meira samstarfi og bauð fram aðstoð stjórnar Tindastóls til að huga að sameiningarmálum og ýmsum samstarfsmálum.

Sigurjón Leifsson formaður frjálsíþróttadeildar tók undir orð Gunnars varðandi Unglingalandsmót og minnti á að við búum vel að síðasta móti og ekki má hræðast stórmót heldur sækjast eftir því að fá þau til okkar.

Sigurjón var sammála Gunnari varðandi hugmyndir að sameiningu félaga og kosti þess að hafa stærri félög þó með ólíkan bakgrunn og að auka þurfi samvinnu milli félaga. Í framhaldi af því bauð hann okkur á aðalfund UMSS í Melsgili n.k. laugardag kl. 14.

Tjaldstæðið á Sauðárkróki var lítillega rætt, staðsetning þess og hugmyndir um gróðursetningu trjáa og myndun skjólbeltis voru meðal þess sem var rætt. Fundarmenn voru sammála mikilvægi þess að það væri í göngufæri við íþróttasvæðið í bænum.

Kári Maríusson skoraði á Aðalstjórn að setja saman erindi um langtíma áætlun um skipulag íþróttamannvirkja á Sauðárkróki eða í Skagafirði.

Hann benti á að Aðalstjórn ætti að hafa forgöngu í málinu og þrýsta á Sveitarfélagið að gerð verði langtíma áætlun um íþróttamannvirki í Skagafirði. Þannig að deildir ræði ekki á víxl sínar óskir og áherslur og ekkert gerist.

Í framhaldi af þessari umræðu var komið inn á hvort fjölnota íþróttahús væri það sem vantaði á Sauðárkrók.

Talað var um að UMSS og Tindastóll þurfa að standa saman í málinu og þrýsta á sveitarfélagið og flýta fyrir framkvæmdum.

Aðalstjórn tekur þetta til skoðunar.

Loks þakkaði Sigurjón Leifsson persónulega skýrslu frá Sigga Bjarna og einnig þakkaði hann Ómari fyrir mjög ítarlega skýrslu frá knattspyrnudeildinni.

### 14. Fundi slitið

Gunnar Þór Gestsson formaður félagsins sleit því næst fundinum og þakkaði mönnum fundarsetuna og Sparisjóðnum fyrir veitingarnar.